



**Bókhald og reikningsskil
Stofnanir utan Oracle**

Skýringar vegna ársuppgjörs 2009

Efnisyfirlit.

1. ÁRSREIKNINGAR STOFNANA UTAN ORACLE 2009	1
1.1 SKIL STOFNANA 2009.....	1
1.2 EYÐUBLÖÐ FYRIR ÁRSUPPGJÖR Á VEFNUM, FJS.IS	1
1.3 UPPLÝSINGAR OG AÐSTOÐ	1
2. ALMENNT.....	2
2.1 LÖG UM FJÁRREIÐUR RÍKISINS	2
2.2 ÁRITUN ÁRSREIKNINGS OG ÁBYRGÐ.....	2
2.3 LOKUN REIKNINGA	2
2.4 ÁRSUPPGJÖR 2009	3
2.5 MÓTTEKNAR GREIÐSLUR FRÁ RÍKISSJÓÐI	4
2.6 FRAMTAL TIL SKATTYFIRVALDA - STAÐGREIÐSLA	4
3. EYÐUBLÖÐ.....	5
3.1 VINNA MEÐ EYÐUBLÖÐ Á EXCEL FORMI	5
3.2 HEILDARYFIRLIT 2009.....	5
3.2.1 Rekstrarreikningur.....	6
3.2.2 Efnahagsreikningur.....	6
3.2.3 Sjóðstreymi.....	6
3.3 FORSENDUR	7
3.4 SUNDURLIÐUN NR. 4 GJÖLD.....	7
3.5 SUNDURLIÐUN NR. 2 SÉRTEKJUR.....	7
3.6 SUNDURLIÐANIR NR. 6, 7, 11. ÁHÆTTUFJÁRMUNIR, VEITT LÁN, TEKIN LÁN.....	7
3.7 SUNDURLIÐANIR NR. 8 OG 12 SKAMMTÍMAKRÖFUR OG SKAMMTÍMASKULDIR	8
3.8 SUNDURLIÐUN NR. 9 BANKAREIKNINGAR, YFIRDRÁTTUR, SJÓÐUR.....	8
3.9 SUNDURLIÐUN NR. 13 AÐRAR REKSTRARTEKJUR.....	8
3.10 SUNDURLIÐUN NR. 14 MARKAÐAR TEKJUR.....	8
3.11 SUNDURLIÐUN NR. 5 FJÁRHEIMILDIR OG VIÐSKIPTAREIKNINGUR VIÐ RÍKISSJÓÐ.....	8
3.11.1 Fjárheimild	9
3.11.2 Fjármögnun.....	9
3.11.3 Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	9
3.12 SUNDURLIÐUN NR. 10. EIGIÐ FÉ.....	10
3.12.1 Höfuðstóll.....	10
3.12.2 Framlag til eignamyndunar	10
3.12.3 Endurmat.....	10
3.13 SUNDURLIÐUN NR. 15. SKULDBINDANDI SAMNINGAR	10

1. Ársreikningar stofnana utan Oracle 2009

1.1 Skil stofnana 2009

Ársuppgjör 2009 er með sama sniði og ársuppgjör 2008. Stofnanir í A-hluta ríkisreiknings skulu gera ársreikning og skila innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs skv. 20. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Ríkari kröfur eru gerðar til Fjársýslunnar af Alþingi og stjórnvöldum um að hraða útgáfu ríkisreiknings. Því er lögð áhersla á að gerð ársreikninga stofnana og ríkisreiknings fyrir árið 2009 verði lokið á tilsettum tíma.

Fjársýsla ríkisins óskar eftir góðu samstarfi við stofnanir við frágang á ársuppgjörum sínum.

1.2 Eyðublöð fyrir ársuppgjör á vefnum, *fjs.is*

Öll eyðublöð og skýringar vegna ársuppgjör 2009 eru aðgengileg á heimasíðu Fjársýslu ríkisins, *fjs.is* (*uppgjörseyðublað*). Stofnanir geta því nálgast eyðublöðin þar eftir þörfum. Geti stofnun af einhverjum ástæðum ekki hagnýtt sér vinnusíðuna þá vinsamlega hafið samband við Fjársýsluna.

Þegar vinnslu ársuppgjör er lokið skal senda árituð eintök til Fjársýslu ríkisins, Ríkisendurskoðunar og viðkomandi fagráðuneytis. Jafnframt skal senda vinnusíðuna í tölvupósti til Fjársýslunnar. Heiti skjalsins skal vera fjárlaganúmer stofnunar. Dæmi: Fjárlaganúmer Fjársýslu ríkisins er 09-103, þannig að heiti skrárinnar verður 09-103.xls.

Mikilvægt er að þeir sem vinna við uppgjör stofnunar kynni sér ítarlega þær skýringar sem fara hér á eftir áður en uppgjörsvinnan hefst.

1.3 Upplýsingar og aðstoð

Upplýsingar og aðstoð varðandi reikningsskilin veita:

Helga Viðarsdóttir, sími 545-7595 helga.vidarsdottir@fjs.is
Theodóra Sigurðardóttir, sími 545-7588 theodora.sigurdardottir@fjs.is
Úlfar G. Ásmundsson, sími 545-7591 ulfar.asmundsson@fsj.is

Stofnanir eru hvattar til að hagnýta sér tölvupóst til samskipta og senda Excel vinnuskjöl til Fjársýslu ríkisins ef einhver vandkvæði koma upp. Jafnframt má geta þess að vel hefur reynst að senda drög að ársreikningnum í tölvupósti til yfirferðar hjá Fjársýslunni áður en gengið er frá endanlegum ársreikningi.

2. Almennt

2.1 Lög um fjárreiður ríkisins

Lög um fjárreiður ríkisins eru nr. 88/1997. Samkvæmt 1. gr. laganna skal haga bókhaldi ríkisaðila á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskilin gefa glögga mynd af rekstri þeirra og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum um fjárreiður ríkisins gilda ákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald, og laga nr. 3/2006 um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilareglur.

2.2 Áritun ársreiknings og ábyrgð

Ársreikningur aðila í A-hluta ríkisreiknings skal undirritaður af forstöðumanni og aðalbókara (sbr. 19. gr. laga nr. 88/1997). Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og að staðið sé við skilaskyldu á þeim á tilsettum tíma til Fjársýslu ríkisins (sbr. 20. og 49. gr).

2.3 Lokun reikninga

Í lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006 eru skýr ákvæði um lokun reikninga:

- Reikningsárið er almanaksárið (sbr. 4. gr. laga nr. 88/1997).
- Tekjur skulu færðar á því ári, sem þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Tilfallnar tekjur sem ekki hefur tekist að innheimta á árinu eiga því að færast til tekna og jafnframt sem skammtímaskuldir (sbr. 26. gr. laga nr. 3/2006).
- Gjöld skulu færð á því ári, er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi, sem hefur í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði. Ógreidd rekstrargjöld og fjárhagslegar skuldbindingar vegna viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna í árslok eiga því að færast til gjalda og jafnframt sem skammtímaskuldir (sbr. 26. gr. laga nr. 3/2006).
- Sjóði og bankareikningum á skilyrðislaust að loka um áramót að afloknum lokafærslum, svo sem færslu vaxta.
- Efnahagsreikningur á að sýna raunverulegt verðmæti eigna og skulda í lok reikningsárs. **Í A-hluta eru varanlegir rekstrarfjármunir og fastafé þó ekki eignfært** (sbr. 14. gr. laga nr. 88/1997). Varanlega rekstrarfjármuni ríkisaðila í A-hluta skal færa til gjalda á rekstrarreikningi þess reikningsárs þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Verksamninga skal gjaldfæra í samræmi við framvindu verks, ljúki því ekki á reikningsárinu. Hins vegar ber stofnunum í A-hluta að semja eignaskrá í lok hvers árs og standa skil á henni innan tveggja mánaða frá lokun reikningsárs (sbr. 15. og 20. gr. laga nr. 88/1997).

2.4 Ársuppgjör 2009

Ársreikningur aðila í A-hluta ríkisreiknings skal hafa að geyma yfirlit sem sýna rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur stofnunar er um margt líkur hefðbundnum rekstrarreikningi fyrirtækja. Áherslur eru þó aðrar og þá einkum á gjaldahliðinni þar sem gjöldunum er skipt á viðfangsefni en ekki á gjaldategundir. Tekjur stofnana færast allar um rekstrarreikninginn, þar með taldar markaðar tekjur, aðrar rekstrartekjur og framlag ríkissjóðs.

	Reikningur 2009	Reikningur 2008	Fjárheimildir 2009
Tekjur			
Sértekjur			
Markaðar tekjur			
Aðrar rekstrartekjur			
Tekjur samtals			
Gjöld			
<i>Almennur rekstur</i>			
Viðfangsefni ...			
<i>Viðhald</i>			
Viðfangsefni ...			
<i>Stofnkostnaður</i>			
Viðfangsefni ...			
Gjöld samtals			
Tekjur umfram gjöld			
Framlag úr ríkissjóði			
Hagnaður/tap ársins			

Í yfirlitinu eru dregnir fram tveir mismunir, þ.e. tekjur umfram gjöld og hagnaður/tap ársins. Tekjur umfram gjöld sýna að hve miklu leyti stofnunin stendur undir gjöldunum með eigin tekjum. Niðurstaða rekstrarreikningsins sýnir loks hvort viðkomandi stofnun hefur verið rekin með hagnaði eða tapi miðað við fjárheimildir ársins.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur stofnunar er á sama hátt svipaður því sem tíðkast í almennum reikningsskilum að öðru leyti en því að þar koma ekki fram eignir í varanlegum rekstrarfjármunum. Jafnframt er þar sýnd sérstaklega greiðslustaða viðkomandi stofnunar gagnvart ríkissjóði. Niðurstaða rekstrarreiknings færist almennt á höfuðstól. Í undantekningartilvikum flyst niðurstaða rekstrarreiknings að hluta eða öllu leyti á annað eigið fé. Loks sýnir höfuðstóllinn fjárheimildastöðu stofnunarinnar í árslok.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi stofnunar svipar til þess sem þekkist í almennum reikningsskilum. Vissulega eru þar þó ákveðin frávik sem ráðast m.a. af mismunandi færslumeðferð á fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum í reikningsskilunum. Þá er í sjóðstreymi ríkisstofnana reynt að draga sérstaklega fram greiðsluhreyfingar gagnvart ríkissjóði.

2.5 Móttekna greiðslur frá ríkissjóði

Sérstakt eyðublað (*Greiðslur úr ríkissjóði*) var sent stofnunum 4. janúar sl. þar sem beinar greiðslur frá ríkissjóði á árinu 2009 eru tilgreindar. Hafi aðrar greiðslur en rekstrarfé og launagjöld komið til færslu á viðskiptareikning stofnunar við ríkissjóð skal einnig tilgreina þær fjárhæðir á eyðublaðinu. Ekki skal gera grein fyrir skatttekjum eða öðrum rekstrartekjum innheimtum af stofnunum á eyðublaðinu, þar sem gerð er grein fyrir þeim í ársreikningseyðublöðunum. Eyðublaðið skal senda útfyllt til Fjársýslu ríkisins fyrir 15. janúar 2010. Fjársýslan endursendir það síðan með staðfestingu eða athugasemdum.

2.6 Framtal til skattyfirvalda - staðgreiðsla

Fjársýsla ríkisins minnir stofnanir, fyrirtæki og sjóði ríkisins á upplýsingaskyldu þeirra gagnvart skattyfirvöldum, ekki aðeins á launa- og verktakagreiðslum, sbr. gögn skattyfirvalda þar um, heldur einnig á ýmsum öðrum greiðslum. Má þar nefna nefndarlaun, námsstyrki, styrki til að sækja námskeið, ráðstefnur og þing, ferðastyrki, sjúkrastyrki, bifreiða- og húsaleigustyrki og dagpeninga. Vakin er athygli á því að hlunnindi sem starfsmönnum eru látin í té, eins og fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða teljast til launa sem reikna skal staðgreiðslu af og ber að telja fram til skatts. Ríkisskattstjóri metur hlunnindi til verðs. Leita má nánari upplýsinga um reglur þar að lútandi hjá Ríkisskattstjóra eða Fjársýslu ríkisins.

Með eintaki reikningsskila til Ríkisendurskoðunar skal senda afrit af launamiðum ásamt afriti af samdráttarblöðum launaframtals.

3. Eyðublöð

Eyðublöðin eru nánast óbreytt frá fyrra ári. Framlag ríkissjóðs er fært til tekna í rekstrarreikningi og skal færa það á *tegund 6700* niður á fjárlagaviðfangsefni. Ríkistekjur sem stofnun á rétt til færast á viðkomandi tegundir.

3.1 Vinna með eyðublöð á Excel formi

Stofnanir eiga að nota Excel vinnuskjalið til að setja inn tölur og prenta úr skjalinu ársreikning og sundurliðanir.

Í nokkrum tilvikum eru tölur sóttar í aðrar sundurliðanir. Því er lagt til að stofnanir vinni yfirlitin í þessari röð.

- | | |
|-------------------------|--|
| 1. Forsendur | |
| 2. Sundurliðun nr. 4. | Gjöld |
| 3. Sundurliðun nr. 2. | Sértekjur |
| 4. Sundurliðun nr. 13. | Aðrar rekstrartekjur |
| 5. Sundurliðun nr. 14. | Markaðar tekjur |
| 6. Sundurliðun nr. 3. | Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur |
| 7. Sundurliðun nr. 6. | Áhættufjármunir |
| 8. Sundurliðun nr. 7. | Veitt lán |
| 9. Sundurliðun nr. 8. | Skammtímakröfur og birgðir |
| 10. Sundurliðun nr. 9. | Handbært fé |
| 11. Sundurliðun nr. 11. | Tekin lán |
| 12. Sundurliðun nr. 12. | Skammtímaskuldir |
| 13. Sundurliðun nr. 5. | Fjárheimildir og viðskiptareikn. við ríkissjóð |
| 14. Sundurliðun nr. 10. | Eigið fé |
| 15. Sundurliðun nr. 15. | Skuldbindandi samningar |

3.2 Heildaryfirlit 2009

Heildaryfirlitið 2009 sýnir rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ársins auk áritunar.

Forstöðumanni og aðalbókara ber að undirrita ársreikninginn og staðfesta með því niðurstöðuna.

Niðurstöðutölur í ársreikningi eru sóttar í sundurliðanir þannig að ekki á að þurfa að skrá aðrar upplýsingar en dagsetningu undirritunar.

Í dálkinum „Sundurl.“ er tilgreint hvert upplýsingar eru sóttar. Með því að skoða viðkomandi sundurliðun er hægt að sjá hvað myndar viðkomandi samtölu.

3.2.1 Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningurinn sýnir tekjur viðkomandi stofnunar og skiptingu gjalda eftir viðfangsefnum fjárlaga. Útkoma ársins er borin saman við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs. Dregnir eru fram tveir mismunir, þ.e. *tekjur umfram gjöld* og *hagnaður eða tap*. Tekjur umfram gjöld sýna að hve miklu leyti stofnunin stendur undir gjöldunum með eigin tekjum. Niðurstaða rekstraryfirlitsins sýnir loks hvort viðkomandi stofnun hefur verið rekin með hagnaði eða tapi miðað við fjárheimildir ársins.

Birt er niðurstaða gjalda fyrir hvert fjárlagaviðfangsefni. Tekjur viðfangsefnisins sem geta verið sértekjur, aðrar rekstrartekjur og markaðar tekjur eru birtar í þremur línunum. Vinnuskjalið gerir ráð fyrir allt að fimm viðfangsefnum. Sé þörf á fleiri viðfangsefnum getur viðkomandi stofnun haft samband við Fjársýslu ríkisins. Sundurliðun nr. 1 sýnir stöðu viðfangsefna, þ.e. tekjur, gjöld og fjárveitingar, ásamt höfuðstól.

3.2.2 Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningurinn sýnir stöðu almennra efnahagsliða í árslok auk þess að draga fram greiðslustöðu viðkomandi stofnunar gagnvart ríkissjóði. Höfuðstóll sýnir stöðu rekstrarfjárheimildar í lok árs.

Greiðsluhreyfingar við ríkissjóð fara um viðskiptareikning sem sýnir skuld eða inneign hjá ríkissjóði í árslok.

3.2.3 Sjóðstreymi

Uppsetning sjóðstreymisins svipar til þess sem þekkist í almennum reikningsskilum. Framsetning þess miðast þó einnig við að sýna sérstaklega fjárhagsleg tengsl stofnunarinnar við ríkissjóð. Fjármögnunarhreyfingar takmarkast oftast við ríkissjóð og sýna hvort greiðslur frá ríkissjóði eru hærrí eða lægri en ætlað var samkvæmt fjárheimild ársins. Frávik þar á kemur fram í breyttri stöðu viðkomandi gagnvart ríkissjóði á efnahagsreikningi.

3.3 Forsendur

Áður en hafist er handa við að fylla út vinnusíðurnar verður að setja inn í töflu 1 í forsendum. Upplýsingar þaðan tengjast sjálfkrafa yfir í vinnusíðurnar.

Eftirtalin atriði ber að skrá í töflu 1:

- a) Heiti stofnunar og fjárlaganúmer
- b) Heiti og númer allra fjárlagaviðfangsefna
- c) Framlag ríkissjóðs á árinu 2008

Tafla 2 inniheldur tengingar við ýmis vinnuskjöl og er óheimilt að skrá inn í þá töflu.

3.4 Sundurliðun nr. 4 Gjöld

Hér skal stofnun sundurgreina gjöld bæði eftir viðfangsefnum fjárlaga og tegundum. Eyðublaðið gerir ráð fyrir allt að 5 viðfangsefnum sem færast í viðeigandi dálka. Sé þörf á fleiri viðfangsefnum getur stofnun haft samband við Fjársýsluna.

Gjöld skal sundurliða miðað við 5 sæta tegund. Vinnuskjalið reiknar samtölu gjalda fyrir hverja tegund og samtölu gjalda fyrir hvert viðfangsefni.

Til að fá samanburðartölur er nauðsynlegt að setja inn samtölur gjalda 2008 fyrir hvert viðfangsefni. Þær upplýsingar skal setja inn í sérstaka reiti sem eru neðst í vinnuskjalinu.

3.5 Sundurliðun nr. 2 Sértekjur

Hér skal stofnun gera grein fyrir sértekjum sínum á sama hátt og gjöldum í sundurliðun nr. 4.

3.6 Sundurliðanir nr. 6, 7, 11. Áhættufjármunir, veitt lán, tekin lán

Þessar sundurliðanir eiga að greina frá öllum breytingum sem verða á árinu á veittum og teknum lánum, hlutabréfaeign, stofnfjárframlögum og langtímaskuldbindingum.

- Í sundurliðunum nr. 7 og 11 fyrir veitt og tekin lán skal sýna eftirstöðvar í ársbyrjun, ný lán á árinu, afborganir, endurmat á árinu og eftirstöðvar í árslok. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir öllum lánum á árinu en ekki aðeins þeim sem hafa eftirstöðvar í árslok.
- Í sundurliðun nr. 6 skal tilgreina hvern eignarhluta í fyrirtækjum og sjóðum fyrir sig og nafnverð í árslok. Sýna á eign í hlutabréfum og stofnfjáreign í ársbyrjun, kaup og sölu á árinu, endurmat ársins og eign í árslok.

3.7 Sundurliðanir nr. 8 og 12 Skammtímakröfur og skammtímaskuldir

Á þessum eyðublöðum ber að sundurliða alla viðskiptamenn undir skammtímakröfum og skammtímaskuldum hjá stofnuninni. Í stað sundurliðunar viðskiptamanna er nægjanlegt að setja inn samtölur fyrir hverja tegund ef með reikningsskilunum fylgir útprentun á stöðu viðskiptamanna úr tölvukerfi því sem bókhaldið er fært í sem sýnir alla viðskiptamenn. Að gefnu tilefni skal tekið fram að undir skammtímakröfur falla útistandandi kröfur í árslok vegna markaðra tekna og annarra rekstrartekna viðkomandi stofnunar.

3.8 Sundurliðun nr. 9 Handbært fé

Hér á að tilgreina stöðu allra sjóða og bankareikninga stofnunarinnar. Með ársreikningseyðublöðunum fylgir sérstakt afstemmingarblað fyrir banka-reikninga. Eintök afstemmingablaða ásamt síðasta yfirlit frá banka eiga að fylgja ársreikningi til Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar. Stofnun getur notað eyðublaðið bæði við ársuppgjörið en ekki síður við afstemmingar innan ársins.

3.9 Sundurliðun nr. 13 Aðrar rekstrartekjur

Sundurliðun nr. 13 er lokaskilagrein fyrir aðrar rekstrartekjur ríkisins til Fjársýslu ríkisins frá stofnunum sem sjá um innheimtu slíkra tekna.

- Skrá skal hvern tekjulið (6 sæta tegund) í sér línu.
- Stofnun skal gera grein fyrir þeim breytingum og leiðréttingum sem hún gerir á álagningu ársins eftir að hún fer fram. Þessar leiðréttingar skal skrá í dálkinn „Breyting á árinu“.

3.10 Sundurliðun nr. 14 Markaðar tekjur

Sundurliðun nr. 14 er lokaskilagrein fyrir skatttekjur til Fjársýslu ríkisins frá stofnunum sem sjá um innheimtu slíkra tekna.

- Skrá skal hvern tekjulið (6 sæta tegund) í sér línu.
- Stofnun skal gera grein fyrir þeim breytingum og leiðréttingum sem hún gerir á álagningu ársins eftir að hún fer fram. Þessar leiðréttingar skal skrá í dálkinn „Breyting á árinu“.

3.11 Sundurliðun nr. 5 Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð

Stofnanir eiga að hafa allar upplýsingar sem þarf til að fylla út þessar sundurliðanir. Viðkomandi fagráðuneyti, fjármálaráðuneytið eða Fjársýsla ríkisins geta gefið þessar upplýsingar ef þörf krefur.

3.11.1 Fjárheimild

Fjárheimild stofnunar sýnir heimild hennar til að stofna til skuldbindandi útgjalda. Hún er samsett af rekstrarfjárheimild ársins eins og hún er ákveðin í fjárlögum og fjárukalögum hverju sinni að viðbætti fluttri fjárheimild frá fyrra ári. Fjárheimildin er samsett með eftirtöldum hætti:

- Flutt frá fyrra ári
- Framlag með fjárlögum
- Framlag með fjárukalögum
- Millifærslur:
 - Milli liða eða stofnana
 - Launa- eða verðlagsbætur
- Samþykkt lokafjárlög

Gera þarf grein fyrir fjárheimildum fyrir öll viðfangsefni fjárlaga/fjárukalaga fyrir viðkomandi stofnun. Jafnframt er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvaða sértekjum, öðrum rekstrartekjum og mörkuðum tekjum var gert ráð fyrir í fjárheimildum.

Stofnanir þurfa að setja inn allar tölur nema samtölu.

3.11.2 Fjármögnun

Hún tilgreinir hvernig fjármagna skal þá útgjaldaheimild sem stofnun hefur fengið með fjárheimild.

Fjármögnun er ekki sundurgreind niður á viðfangsefni fjárlaga heldur er hún sýnd fyrir stofnunina í heild. Fjármögnunina þarf hins vegar að greina niður á greiðslur úr ríkissjóði og viðskiptahreyfingar.

3.11.3 Viðskiptareikningur við ríkissjóð

Þetta yfirlit sýnir greiðsluhreyfingar milli stofnunar og ríkissjóðs. Fyrsti hluti yfirlitsins sýnir þær greiðslur sem stofnun á kröfu á frá ríkissjóði. Vinnusíðan sækir þessar upplýsingar þannig að ekki þarf að setja þær inn.

Annar hluti yfirlitsins sýnir þær greiðslur sem ríkissjóður hefur annast fyrir viðkomandi stofnun eða þær greiðslur sem stofnun á að inna af hendi til ríkissjóðs. Þessar upplýsingar er nauðsynlegt að setja inn, utan aðrar rekstrartekjur, sem eru sóttar í Sundurliðun nr. 13 og skatttekjur sem eru sóttar í Sundurliðun nr. 14.

Síðasti hluti yfirlitsins er niðurstaða viðskiptayfirlits sem sýnir skuld eða inneign gagnvart ríkissjóði í árslok. Sú niðurstaða er sýnd sérstaklega í efnahagsreikningi.

3.12 Sundurliðun nr. 10. Eigið fé

Eigið fé er myndað af tveimur liðum:

- Höfuðstól
- Annað eigið fé

Annað eigið fé er samsett af tveimur liðum:

- Framlagi til eignamyndunar
- Endurmati

3.12.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll í árslok sýnir stöðu rekstrarfjárheimildar í árslok. Tekjujöfnuður ársins sýnir almennt niðurstöðu rekstrarreiknings ársins sem flyst á höfuðstól.

3.12.2 Framlag til eignamyndunar

Við ársuppgjör 1998 var nokkrum stofnunum heimilað að færa undir eigið fé mótreikning til að fjármagna langtímakröfur, birgðir og hlutafé. Þessi eiginfjárreikningur nefnist "Framlag til eignamyndunar". Stofnunum er ekki heimilt að breyta bókun á þeim reikningi við ársuppgjörið að svo stöddu en fyrirhugað er að setja nánari reglur um "framlög til eignamyndunar".

3.12.3 Endurmat

Á endurmatsreikning skal aðeins færa eftirtalin atriði:

Endurmat áhættufjármuna
Verðtrygging tekinna og veittra lána

3.13 Sundurliðun nr. 15. Skuldbindandi samningar

Í ríkisreikningi á að birta yfirlit um samninga sem fela í sér fjárskuldbindingar, m.a. vegna rekstrar og framkvæmda (sbr. 8. gr. laga nr. 88/1997).

Stofnunum ber að skila yfirliti um alla skuldbindandi samninga sem þær hafa gert og á að gera grein fyrir hverjum einstökum samningi. Ákveðið hefur verið að stofnunum beri að skila yfirliti yfir eftirfarandi samninga:

- Húsaleigusamninga.
- Samninga fyrir fjármögnunarleigu, kaupleigu eða rekstrarleigu.
- Einkaframkvæmdarsamninga.

Ef aðrir samningar uppfylla a.m.k eitt af neðangreindum skilyrðum skal skila yfirliti yfir þá.

- Uppsagnarfrestur er a.m.k 12 mánuðir.
- Samningsupphæð er a.m.k 240.000 krónur á ári.
- Að greitt sé refsigjald ef samningi er slitið eða breytt og refsigjaldið sé a.m.k 1/3 af stofnverði.